

Erindi til Skipulagsráðs umhverfisráðs Kópavogs

Efni: Skilvirkni og framkvæmd götuhreinsunar í Kópavogi

Undirritaður vill koma á framfæri ábendingum varðandi götuhreinsun í Kópavogsbæ, sem er afar mikilvægur þáttur í umhverfisvernd, lýðheilsu og almennri ásýnd bæjarins.

Þrátt fyrir reglulega þjónustu er ljóst að á fjölmörgum svæðum tekst illa að sinna götuhreinsun með fullnægjandi hætti. Helsta ástæða þess er að bíleigendur færa ekki ökutæki sín þegar hreinsun fer fram. Afleiðingin er sú að stór hluti götuyfirborðs helst óhreinsaður, jafnvel árum saman, með tilheyrandi uppsöfnun svifryks, sands og rusls.

Víða erlendis er þessi vandi leystur með ákveðnari aðgerðum. Þar er skilgreint sérstakt götuhreinsunartímabil (oft nefnt „street sweeping season“) og sett formleg bílastæðabönn á tilteknum dögum eða tímum. Bíleigendum er þá skylt að færa ökutæki sín meðan hreinsun stendur yfir.

Í Kópavogi sem og öðrum sveitarfélögum er hins vegar fyrst og fremst stuðst við tilmæli, SMS-skeyti og tímabundin skilti. Þessi aðferð hefur reynst veik og hefur í för með sér að hreinsun verður afar oft gloppótt, og skilar ekki raunverulegum árangri.

Reynsla frá Þýskalandi eru t.d. mun ákveðnari reglur. Í mörgum þýskum borgum, svo sem Düsseldorf, eru sett formleg stöðvunar- eða bílastæðabönn (Halteverbot/Parkverbot) í tengslum við götuhreinsun. Þegar slíkt bann er í gildi eru bíleigendur sektaðir ef þeir færa ekki ökutæki sín og, ef ökutæki hindra hreinsun, geta þau jafnframt verið fjarlægð (dregin burt) af yfirvöldum. Óformleg tilmæli eða beiðnir hafa enga lagalega þýðingu.

Svipað fyrirkomulag er viðhaft á Norðurlöndunum. Í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku eru sett bindandi bílastæðabönn á hreinsunardögum og bíleigendur sektaðir ef banninu er ekki fylgt. Í Noregi, sérstaklega í Osló, er gengið enn lengra: þar eru bílar sem standa eftir á götuhreinsunardögum sektaðir og jafnframt dregnir burt á kostnað eiganda. Þessi framkvæmd er talin forsenda þess að götuhreinsun nái tilgangi sínum og að almannafé sé ekki varið til einskis.

Það er mat undirritaðs að Kópavogsbær þurfi að taka mið af þessum fyrirmyndum. Með skýrari og bindandi reglum, skiltum með tilvísun í ákveðnar dagsetningar og raunverulegri eftirfylgni má tryggja að götuhreinsun skili raunverulegum árangri, bæti umhverfisgæði og nýti fjármuni bæjarins betur.

Séu skortur á heimildum er kominn tími til að sveitarfélög á landinu taki sig saman og leiti á náðir Alþingis með það fyrir augum að reglur taki mið af því sem gengur og gerist erlendis.

Virðingarfyllst,

Kópavogi 22. Apríl 2026

Bergur Þorri Benjamínsson varabæjarfulltrúi

Heimildaskrá

1. City of Chicago – Department of Streets and Sanitation. City of Chicago to Start 2026 Street Sweeping Program.
<https://www.chicago.gov/city/en/depts/streets/provdrs/street/news/2026/march/city-of-chicago-to-start-2026-street-sweeping-program.html>
2. City of Los Angeles – Bureau of Street Services. Street Sweeping.
<https://streets.lacity.gov/services/street-sweeping>
3. City of Ontario, California. Street Sweeping Program.
<https://www.ontarioca.gov/StreetSweeping>
4. City of San Diego – Stormwater Department. Street Sweeping.
<https://www.sandiego.gov/streetsweeping>
5. City of Stockholm (Stokholms stad). Mobility and Street Maintenance.
<https://start.stockholm/en/mobility-and-street-maintenance/>
6. City of Helsinki (Helsingin kaupunki). Street Maintenance.
<https://www.hel.fi/en/urban-environment-and-traffic/general-maintenance/street-maintenance>
7. Oslo kommune um parkeringsbot og inntauing <https://www.oslo.kommune.no/gate-transport-og-parkering/veiarbeid-og-vedlikehold/varrengjoring/>

Fylgiskjöl.

Myndir úr Dalbrekku og Hjallabrekku sem sýna vel það sem við er að eiga, bíla alls staðar og hálf hreinsaða götu.



Skjal sótt af '000000000000' dags: 20.08 2026



Skjal sótt af '000000000000'.da

20.08 2026